

# Áfangalýsing í Trúarbragðasögu

**Nafn áfanga:** Trúarbragðasaga

**Titill áfanga:** SAGA3CT05

**Lýsing á efni áfangans:**

Viðfangsefni áfangans er trú og trúarbrögð alls mannkyns á öllum tímасkeiðum. Þannig nær áfanginn til stærstu trúarbragða heims í dag, horfins átrúnaðar steinaldarmanna og alls þar á milli. Áhersla er á þau trúarbrögð sem yfir ¾ jarðarbúa aðhyllast í dag og sögu þeirra en nemendur velja sér líka efni að ákveðnu leyti.

**Forkröfur:** 10 einingar í sögu á öðru þrepi

**Þekkingarviðmið:**

**Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- áhrifum kynhlutverka og stéttskiptingar á trúarbrögð
- hugmyndum trúarbragða um jafnrétti, mannhelgi, minnihlutahópa og önnur trúarbrögð
- lykilhugmyndum stærstu trúarbragða heims
- mikilvægi trúarbragða í samfélagslegri umræðu
- fræðilegri umræðu um valin trúarbrögð

**Leikniviðmið:**

**Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:**

- velja milli aðferða við lausn verkefna
- greina fjölbreytt orsakasamhengi
- beita öguðum vinnubrögðum
- vinna skapandi rannsóknarvinnu
- skila frá sér fræðilegri umfjöllun
- vinna að verkefnum með samnemendum

**Hæfniviðmið:**

**Nemandinn skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- meta áhrif trúarbragða á samfélag sitt og sjálfsmynd
- setja fram nákvæmar röksemdir fyrir skoðunum sínum um trúarbrögð
- lesa heimildir um trúarbrögð á gagnrýninn hátt
- leita fullnægjandi raka fyrir skoðunum sínum og annarra um trúarbrögð heimsins
- beita skapandi og lausnarmiðaðri hugsun í námi
- vera betur búinn til að hefja háskólanám í hugvísindum

**Námsmat:**

Ástundun, próf, verkefni.

Til að standast áfangann þurfa nemendur að vera með 80% mætingu að lágmarki og ná samanlagt 5,0 í einkunn.

**Leiðbeiningar eða viðbótarupplýsingar:**

Markmið áfangans er að nemendur kynnist þeirri sögu sem liggur að baki stærstu trúarbrögðum heims, tengslum hennar við samfélög nútímans ásamt því að kynnast tilurð og endalokum annarra trúarbragða. Nemendur skoða mismunandi hugmyndir um áhrif trúarbragða á samfélög og áhrif samfélaga á trúarbrögð. Markmið áfangans er enn fremur að nemendur verði meðvitaðri um trúarbrögð í samfélagi sínu.